

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar fyrir Bjarmastíg 5.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur þann 11. nóvember 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Bjarmastíg 5.

Breytingin felur í sér fjölgun bílastæða innan lóðar í fjögur bílastæði, lækkun jarðvegshæðar, skiptingu eignar í tvö fastanúmer, hækkun nýtingarhlutfalls úr 0,757 í 0,780 og að byggingarreitur breiðkar um 2,8 metra á norðurhlið fyrir nýtt stigahús.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Sjúkrahússins á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar hefur þann 28. október 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri.

Breytingin felur í sér að byggja hjólaskýli á tveimur hæðum við D-álmú sjúkrahússins og anddyri stækkar við norðurhluta hússins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 12. nóvember 2020,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.